

LEIÐBEININGAR OECD  
UM HEILINDI Í OPINBERRI STJÓRNSÝSLU

# HEILINDI Í OPINBERRI STJÓRNSÝSLU



## HEILDARTEXTI

# LEIÐBEININGAR EFNAHAGS- OG FRAMFARASTOFNUNARINNAR UM HEILINDI Í OPINBERRI STJÓRNSÝSLU

## RÁÐIÐ,

**HEFUR HLIÐSJÓN AF** b-lið 5. gr. samningsins um Efnahags- og framfarastofnunina frá 14. desember 1960,

**HEFUR HLIÐSJÓN AF** tilmælum ráðsins um að auka gæði í lagasetningu stjórnvalda [C(95)21/FINAL], tilmælum ráðsins um leiðbeiningar Efnahags- og framfarastofnunarinnar um að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra hjá hinu opinbera [C(2003)107], tilmælum ráðsins um þátttöku einkaaðila í samfélagslegum innviðum [C(2007)23/FINAL], samningnum um baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum, tilmælum ráðsins um áframhaldandi baráttu gegn mútugreiðslum til erlendra opinberra starfsmanna í alþjóðlegum viðskiptum [C(2009)159/REV1/FINAL], tilmælum ráðsins um meginreglur um gagnsæi og heilindi gagnvart hagsmunagæslu þrýstihópa [C(2010)16], viðmiðunarreglum gagnvart fjölþjóðlegum fyrirtækjum [C(76)99/FINAL, eins og þeim var breytt með C/MIN(2011)11/FINAL], tilmælum ráðsins um stefnu í reglusetningu og stjórnarháttum [C(2012)37], tilmælum ráðsins um meginreglur við stjórnarhætti hins opinbera í samstarfsverkefnum við einkaaðila [C(2012)86], tilmælum ráðsins um skilvirka fjárfestingu opinberra aðila á mismunandi stjórnsýslustigum [C(2014)32], tilmælum ráðsins um stjórnun vegna mikillar áhættu [C/MIN(2014)8/FINAL], tilmælum ráðsins um opinber innkaup [C(2015)2], tilmælum ráðsins um stefnuramma fyrir fjárfestingar [C(2015)56/REV1], tilmælum ráðsins um viðmiðunarreglur um stjórnarhætti fyrirtækja í eigu ríkisins [C(2015)85] og tilmælum ráðsins um jafnrétti kynjanna á vettvangi hins opinbera [C(2015)164],

**HEFUR HLIÐSJÓN AF** þeirri vinnu sem varðar baráttu gegn spillingu og vandaða stjórnarhætti sem hefur farið fram á vegum Sameinuðu þjóðanna og birtist einkum í samningi Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu og í áætlun Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun árið 2030, sem og á vegum annarra alþjóðlegra og svæðisbundinna stofnana.

**GERIR SÉR GREIN FYRIR ÞVÍ** að heilindi eru ein af meginstoðum pólitískra, efnahagslegra og félagslegra innviða og er því nauðsynlegur þáttur efnahagslegrar og félagslegrar velsældar og hagsældar einstaklinga og samfélagsins í heild,

**GERIR SÉR GREIN FYRIR ÞVÍ** að heilindi eru mikilvæg fyrir lýðræðislega stjórnarhætti til að vernda almannaheill og efla grunnildi, m.a. stuðning við fjölflokkakerfi, að grunnreglur réttarríkisins séu haldnar í heiðri, svo og virðing fyrir mannréttindum,

**GERIR SÉR GREIN FYRIR ÞVÍ** að heilindi eru hornsteinn heildarkerfis góðra stjórnarháttanna í opinberri stjórnsýslu og að uppfærðar leiðbeiningar um heilindi hins opinbera eiga því að stuðla að samræmi við aðra lykilþætti opinberra stjórnarháttanna,

**TEKUR TILLIT TIL ÞESS** að brot á reglum um heilindi, sem eiga sér hvarvetna stað, hafa orðið sífellt flóknari frá samþykkt tilmæla ráðsins um að bæta siðferðilega háttsemi í opinberri þjónustu, m.a. meginreglum um framfylgd siðareglanna í opinberri þjónustu [C(98)70], sem þessi tilmæli leysa af hólmi,

**GERIR SÉR GREIN FYRIR ÞVÍ** að fyrir hendi er áhætta varðandi heilindi í ýmiss konar samspili hins opinbera og einkaaðila, borgaralegs samfélags og einstaklinga á öllum stigum hinna pólitísku og stefnumótandi ferla. Af þeim sökum er þess krafist að í framangreindum samskiptum sé beitt heildstæðri nálgun við að auka heilindi í störfum hins opinbera og draga úr spillingu,



**GERIR SÉR GREIN FYRIR ÞVÍ** að mikill munur er á milli landa varðandi venjur sem stuðla að heilindum þar sem áhætta varðandi opinber heilindi er sérstaks eðlis og einnig hið lagalega, stofnanalega og menningarlega samhengi þeirra,

**TEKUR TILLIT TIL ÞESS** að það er sameiginlegt verkefni að efla heilindi í opinberri stjórnsýslu og ábyrgð þar að lútandi hvílir á öllum stigum stjórnsýslu í krafti margvíslegs umboðs og sjálfstæðis aðila hverju sinni í samræmi við laga- og stofnanaramma hvers ríkis. Þar af leiðandi eiga þessi tilmæli við um öll svið ríkisvaldsins með það að markmiði að stuðla að trausti almennings,

**um tillögu nefndar OECD um opinbera stjórnarhætti:**

**I. SAMÞYKKIR RÁÐIÐ** að nota eftirfarandi skilgreiningar í þessum tilmælum:

- **Hugtakið heilindi í opinberri stjórnsýslu** vísar til þess að samræma og virða sameiginleg siðferðisleg gildi, meginreglur og viðmið hins opinbera þess efnis að halda í heiðri almannahagsmunum og setja þá frammar einkahagsmunum.

- **Hið opinbera** merkir aðilar á sviði löggjafarvalds, framkvæmdarvalds, stjórnsýslu og dómsmála og opinberir embættismenn, hvort sem þeir eru skipaðir eða kjörnir, launaðir eða ólaunaðir, sem gegna fastri eða tímabundinni stöðu hjá stjórnvöldum á hærri eða lægri stjórnstigum. Þetta getur átt við um opinber hlutafélög, fyrirtæki í ríkiseigu og samstarfsverkefni opinberra aðila og einkaaðila og opinbera starfsmenn þeirra, svo og opinbera starfsmenn og einingar sem annast opinbera þjónustu (s.s. heilsugæslu, menntun og almenningsþjónungur), sem kann í sumum ríkjum að hafa verið útvistað til einkaaðila eða er fjármagnað af þeim.

II. **MÆLIR MEÐ ÞVÍ** að jafnt aðildarríki og önnur ríki, sem hafa fylgt þessum tilmælum, komi á samfelldu og heildstæðu kerfi heilinda í opinberri stjórnsýslu (hér eftir nefnt „heilindakerfi“). Í þessu skyni ættu þau að:



**1** Sýna fram á að þau skuldbindi sig, á æðsta stigi stjórn mála og stjórnsýslu til þess að efla heilindi og draga úr spillingu, einkum með því að:

- tryggja að heilindakerfi skilgreini, styðji, sinni eftirlitshlutverki og framfylgi heilindum hjá hinu opinbera og að heilindi séu inngróinn hluti opinberrar stjórnsýslu og stjórnarháttahluti af opinberri stjórnsýslu,
- tryggja að viðeigandi laga- og stofnanarammar séu fyrir hendi til þess að gera stofnunum hins opinbera kleift að bera ábyrgð á því að tryggja heilindi í starfsemi sinni, svo og heilindum opinberra embættismanna sem hafa þessa starfsemi með höndum,
- láta í ljósi afdráttarlausan vilja og væntingar gagnvart æðsta stigi stjórn mála og stjórnsýslu um stuðning við heilindakerfi með því að sýna óaðfinnanlega háttsemi, s.s. með því að gæta fyllsta velsæmis við opinber skyldustörf.

**2** Skýra ábyrgðarsvið opinberra stofnana til þess að efla skilvirkni heilindakerfis, einkum með því að:

- ákveða með skýrum hætti á hvaða stigi stjórnsýslunnar (stofnanastigi, sveitarstjórnarstigi eða á landsvísu) hver ber ábyrgð á mótun, stjórnun og framkvæmd heilindakerfisins,
- tryggja að allir embættismenn og aðrir aðilar á vegum hins opinbera (þ.m.t. sjálfstæðir og óháðir), sem bera meginábyrgð á þróun, innleiðingu, eftirfylgni og/eða eftirliti með heilindakerfinu eða einstökum þáttum þess, hafi viðeigandi umboð og getu til að uppfylla skyldur sínar,
- stuðla að láréttu og lóðréttu samstarfsfyrirkomulagi milli opinberra embættismanna, eininga eða aðila og, þar sem við á, stjórnvalda á lægri stjórnstigum, eftir formlegum eða óformlegum leiðum. Þetta fyrirkomulag er til þess gert að tryggja samræmi, koma í veg fyrir skörun eða að eyður myndist í kerfinu og loks til að tryggja miðlun upplýsinga á milli aðila og byggja á þeim lærdómi sem draga má af starfsháttum.

# KERFI



Skipuleg  
nálgun

**3** Próa **skipulega** nálgun fyrir hið opinbera sem byggist á hlutlægum grunni og miðar að því að draga úr áhættu varðandi opinber heilindi, einkum með því að:

- fastsetja markmið og forgangsatriði fyrir heilindakerfi, sem byggjast á áhættumati gagnvart brotum á reglum um heilindi í opinberri stjórnsýslu, og taka mið af þáttum sem stuðla að skilvirkri stefnu um heilindi í opinberri stjórnsýslu,
- þróa viðmiðanir og vísa og safna trúverðugum og viðeigandi gögnum um það hvar á vegi heilindakerfi er statt og hvaða árangri og skilvirkni það hefur náð.



Hátterniskröfur

**4** Gera strangar kröfur til hátternis opinberra embættismanna, sem birtast einkum í að:

- ganga lengra en sem nemur lágmarkskröfum, setja hagsmuni almennings í öndvegi, fylgja gildum opinberrar þjónustu og opinna stjórnsýslu sem m.a. greiðir fyrir aukinni og verðmætri þekkingu innan stofnana og ýtir undir vandaða stjórnarhætti,
- fella reglur um heilindi inn í réttarkerfið og stefnur stofnana (s.s. í formi hátternisreglna eða siðareglna) til þess að skýra til hvers er ætlast og eru grundvöllur rannsókna á agabrotum, grundvöllur stjórnsýslurannsókna og rannsókna í einka- og/eða sakamálum, svo og viðurlaga, eins og við á,
- setja skýrar verklagsreglur til að stuðla að því að komið verði í veg fyrir brot á reglum um heilindi í opinberri stjórnsýslu og til að hafa stjórn á raunverulegum eða hugsanlegum hagsmunaárekstrum,
- miðla gildum og reglum hins opinbera bæði innan opinberra stofnana og út á við til einkaaðila, borgaralegs samfélags og til einstaklinga og fara fram á það við samstarfsaðila að þeir virði þessi gildi og reglur í samskiptum sínum við opinbera embættismenn.

# MENNING

III. **MÆLIR MEÐ ÞVÍ** að aðildarríki og önnur ríki, sem hafa fylgt þessum tilmælum, **stuðli að bættri menningu**

**varðandi heilindi í starfsemi hins opinbera. Í þessu skyni ættu þau að:**



**5** Stuðla að því að **samfélagið** leggi rækt við opinber heilindi, í samstarfi við einkaaðila, borgaralegt samfélag og einstaklinga, einkum með því að:

- viðurkenna í heilindakerfi sínu hlutverk einkaaðila, borgaralegs samfélags og einstaklinga til að virða gildi opinberra heilinda í samskiptum sínum við hið opinbera, einkum með því að hvetja einkaaðila, borgaralegt samfélag og einstaklinga til að halda á lofti þessum gildum sem sameiginlegri ábyrgð,
- fá hagsmunaaðila til að taka þátt í þróun, reglulegri uppfærslu og framkvæmd heilindakerfis,
- vekja samfélagið til vitundar um ávinninginn af heilindum í opinberri stjórnsýslu, draga úr umburðarlyndi gagnvart brotum á reglum um heilindi og hrinda í framkvæmd, eftir því sem við á, upplýsingaátaki meðal einstaklinga og einkum í skólum í því skyni að stuðla að borgaralegri fræðslu um heilindi í stjórnsýslunni,
- hvetja einkaaðila og borgaralegt samfélag til þátttöku á grundvelli þess ávinnings sem hlýst af því að viðhalda heilindum í viðskiptum og starfsemi, sem ekki er rekin í hagnaðarskyni, sem er til kominn vegna opinberra heilinda, með því að miðla og draga lærdóma af vönduðum starfsháttum.

**6** Fjárfesta í **forystu** með heilindi og hreinskilni að leiðarljósi til að sýna fram á skuldbindingu opinberra stofnana gagnvart heilindum, einkum með því að:

- hafa forystu með heilindi að leiðarljósi í starfslýsingum stjórnenda á öllum stigum, einnig sem kröfu við ráðningar, skipanir eða stöðuhækkunar í stjórnunarstöður og við mat á frammistöðu stjórnenda með tilliti til heilindakerfis á öllum stigum,
- stýrja stjórnendur í hlutverki sínu sem siðferðilegir leiðtogar með því að koma á skýru umboði, veita stuðning innan stofnunar (s.s. með innra eftirliti, stjórnartækjum á sviði mannauðsmála og lögfræðiráðgjöf) og veita reglubundna þjálfun og leiðsögn til að auka vitund um og þróa færni í því að beita viðeigandi dómgreind í málum þar sem reyna kann á heilindi,
- þróa stjórnunarramma sem stuðlar að ábyrgð stjórnenda við að greina og draga úr áhættu í tengslum við opinber heilindi.



Byggt á  
verðleikum

**7** Stuðla að því að hjá hinu opinbera sé byggt á verðleikum og faglegum þáttum, og að þar sé gildum opinberrar þjónustu og góðum stjórnarháttum fylgt, einkum með því að:

- tryggja að við mannauðsstjórnun sé ávallt byggt á grunnreglum, t.d. verðleikum og gagnsæi, til að halda í heiðri fagmennsku í opinberri þjónustu, koma í veg fyrir hlutdrægni og frændhygli, vernda gegn óeðlilegum stjórnámálegum afskiptum og draga þar með úr hættu á misnotkun á stöðu og misferli,
- tryggja sanngjarnt og opið kerfi við ráðningar, val og stöðuhækkanir, byggt á hlutlægum viðmiðum og formlegum aðferðum og matskerfi sem stuðlar að ábyrgð og er í anda opinberrar þjónustu.



Þjálfun  
og leiðsögn

**8** Veita opinberum embættismönnum nægilegar upplýsingar, þjálfun, **leiðsögn** og tímanlega ráðgjöf til að þeir geti beitt reglum um heilindi á vinnustað, einkum með því að:

- veita opinberum embættismönnum, allan starfsferil þeirra hjá hinu opinbera, skýrar og uppfærðar upplýsingar um stefnur, reglur og stjórnsýslumeðferð stofnunarinnar sem skipta máli við að viðhalda heilindum,
- þjóða opinberum embættismönnum reglulega fræðslu á vinnustað um heilindi allan starfsferil þeirra til að auka vitund og þróa hjá þeim nauðsynlega færni til að greina siðferðileg vandamál og gera reglur um heilindi í opinberri þjónustu þannig úr garði að embættismenn láti sig þær varða,
- láta í té formlega og óformlega leiðsögn og samráðsleiðir, sem auðvelt er að nálgast, til að aðstoða opinbera embættismenn við að beita reglum um heilindi í daglegum störfum sínum, svo og til að hafa stjórn á aðstæðum þar sem hætta er á hagsmunaaðreksrum.




Opin  
stofnanamenning

**9** Styðja **opna og gagnsæja** stofnanamenningu hjá hinu opinbera þar sem brugðist er við efasemdum um heilindi með því að:

- stuðla að menningu þar sem ræða má opinskátt um siðferðileg vandamál, áhyggjur um heilindi hjá opinberum aðilum og mistök, svo og við fulltrúa starfsmanna, eftir því sem við á, þar sem forysta sýnir snör viðbrögð og einsetur sér að veita tímanlega ráðgjöf og leysa úr aðsteðjandi viðfangsefnum,
- setja skýrar reglur og leiðbeiningar um málsmeðferð varðandi tilkynningar um grunsemdir um brot á reglum um heilindi og tryggja vernd, bæði að lögum og í reynd í samræmi við landslög, gegn hvers kyns óréttmætri meðferð í kjölfar tilkynningar sem gerð er í góðri trú og af gildri ástæðu,
- þjóða upp á aðrar leiðir til að tilkynna um grunsemdir um brot á reglum um heilindi, þ.m.t. möguleikann, þegar við á, til að tilkynna slíkt í trúnaði til aðila sem hefur umboð og getu til að gera óháða rannsókn.

**IV. MÆLIR MEÐ ÞVÍ að aðildarríki og önnur ríki, sem hafa fylgt þessum tilmælum, geri ráð fyrir skilvirkri ábyrgðarskyldu. Í þessu skyni ættu þau að:**



**10** Móta ramma um innra **eftirlit og áhættustjórnun** til að tryggja heilindi hjá stofnunum hins opinbera, einkum með því að:

- tryggja eftirlitsumhverfi með skýr markmið sem sýnir fram á stuðning stjórnenda við heilindi í opinberri þjónustu og gildi opinberrar þjónustu sem veitir viðunandi vissu fyrir skilvirkni og frammistöðu stofnunar og að hún fylgi lögum og starfsvenjum,
- tryggja skipulega nálgun við áhættustjórnun sem felur í sér mat á áhættu varðandi heilindi í opinberri stjórnslu, að tekið sé á veikleikum í eftirliti (m.a. með því að fella viðvörðunarkerki inn í mikilvæg vinnsluferli) og að koma á skilvirku eftirlits- og gæðatryggingarkerfi vegna áhættustjórnunarkerfisins,
- tryggja samræmi í eftirlitskerfum og taka upp skýrar verklagsreglur um viðbrögð við trúverðugum grunsemdum um brot á lögum og reglum og að greiða fyrir tilkynningum til bærra stjórnvalda án þess að hætta sé á hefndaraðgerðum.

**11** Ábyrgjast **framfylgd** með því að tryggja að brugðist sé við á viðeigandi hátt í öllum tilvikum ef grunur leikur á því að reglur um heilindi hafi verið brotnar af hálfu opinberra embættismanna og annarra sem hlut eiga að brotum, einkum með því að:

- framfylgja af sanngirni, hlutlægni og tímanlega reglum um heilindi við málsmeðferð agamála, stjórnsýslumála, einka- eða sakamála (m.a. með greiningu, rannsókn, viðurlögum og möguleika á endurmati),
- stuðla að samstarfi og upplýsingaskiptum milli viðeigandi aðila, eininga og embættismanna (á stofnanastigi, sveitarstjórnarstigi og landsvísu) til að koma í veg fyrir skörun eða eyður og til að bæta viðbragðstíma og meðalhóf fyrirkomulags til framfylgdar,
- hvetja til gagnsæis innan opinberra stofnana og gagnvart almenningi varðandi árangur af fyrirkomulagi til framfylgdar og niðurstöður mála, einkum með því að safna tölfræðilegum gögnum um mál en virða jafnframt trúnað og viðeigandi lagaákvæði.

# ÁBYRGÐ



## 12 Styrkja þátt **umsjónar og eftirlits** utanaðkomandi aðila með heilinda-kerfinu, nánar tiltekið með því að:

- greiða fyrir því að þekking verði til innan stofnana og sýna fram á ábyrgð opinberra stofnana þannig að fyrir hendi séu viðeigandi úrræði við viðurlögum, úrskurðum og formlegum ráðum eftirlitsaðila (s.s. yfirstofnana endurskoðunar, umboðsmanna eða upplýsinganefnda), úrskurðaraðila og dómstóla (þ.m.t. leiðir til að leita réttar síns, þar sem við á),
- tryggja að eftirlitsaðilar og úrskurðaraðilar sem styrkja eiga heilindi hjá hinu opinbera bregðist við upplýsingum um grun um misgerðir eða misferli sem berast frá þriðja aðila (s.s. kvartanir eða ásakanir frá fyrirtækjum, starfsmönnum eða öðrum),
- tryggja að lögum og reglum (sem geta gilt um opinberar og einkareknar stofnanir jafnt sem einstaklinga) sé framfylgt með óvilhöllum hætti af hálfu stofnana sem hafa slíku hlutverki að gegna.



## 13 Hvetja til **gagnsæis og þátttöku** hagsmunaaðila á öllum stigum hins pólitíska og stefnumótandi ferlis til að stuðla að ábyrgðarskyldu og hagsmunum almennings, einkum með því að:

- stuðla að gagnsæi og opinni stjórnsýslu, þ.m.t. með því að tryggja aðgang að upplýsingum og gögnum, ásamt því að svara beiðnum um upplýsingar tímanlega,
- veita öllum hagsmunaaðilum, þ.m.t. einkaaðilum, borgaralegu samfélagi og einstaklingum, aðkomu að mótun og framkvæmd opinberrar stefnu,
- afstýra því að þröngir hagsmunahópar yfirtaki opinberar stefnur með því að afstýra hagsmunaárekstrum og koma á gagnsæi í starfsemi þrýstihópa og fjármögnun á kosningabaráttu stjórnmalaflokka,
- stuðla að því að í samfélaginu sé að finna samtök sem standa vörð um hagsmuni almennings, borgaralega hópa, verkalyðsfélög og óháða fjölmiðla.

**V. HVETUR** framkvæmdastjórann til að dreifa þessum tilmælum.

**VI. HVETUR** aðildarríki og önnur ríki sem hafa fylgt þessum tilmælum til að dreifa þeim á öllum stjórnsýslustigum.

**VII. HVETUR** þá sem ekki hafa fylgt þessum tilmælum til þess að taka mið af þeim, með fyrirvara um endurskoðun vinnuhóps æðstu embættismanna um heilindi og byrja að fylgja tilmælunum.

**VIII. GEFUR** nefndinni um opinbera stjórnarhætti **FYRIRMÆLI** um að hafa eftirlit með framkvæmd þessara tilmæla, fyrir tilstilli vinnuhóps háttsettra embættismanna á sviði heilinda í opinberri stjórnsýslu, og gefa ráðinu skýrslu um það eigi síðar en fimm árum eftir samþykkt þeirra og reglulega upp frá því.

## **Nefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) um opinbera stjórnarhætti**

Umboð nefndar OECD um opinbera stjórnarhætti felst í því að aðstoða bæði aðildarríki og önnur ríki við að byggja upp og efla getu sína til að móta, framkvæma og leggja mat á aðlögunarhæfar, nýstárlegar, framsýnar og borgaramiðaðar opinberar stefnur, stofnanir og þjónustu. Einkum beinist starf nefndarinnar að því að aðstoða ríki við að styrkja stjórnunargetu sína með því að bæta stefnumótunarkerfi og frammistöðu opinberra stofnana. Í starfi sínu á sviði heilinda nýtur nefndin stuðnings starfsfólks deildar heilinda í opinberri stjórnsýslu innan skrifstofu opinberra stjórnarháttá.

Hin mikla áhersla sem skrifstofa opinberra stjórnarháttá leggur á stofnanagerð og stefnuframkvæmd styður við gagnkvæman lærdóm og miðlun bestu starfsvenja við ólík samfélagsleg og markaðsleg skilyrði. Þessi vinna styður ríki til að betrumbæta stjórnkerfi sín og framkvæma stefnu sína á öllum stigum stjórnsýslunnar í því skyni að efla sjálfbæran vöxt fyrir alla og auka enn frekar traust borgaranna til stjórnvalda.

## **Yfirlýst markmið skrifstofu opinberra stjórnarháttá hjá Efnahags- og framfarastofnuninni**

Markmið OECD er að aðstoða stjórnvöld á öllum stigum við að hanna og framkvæma þaulhugsaðar, gagnreyndar og nýstárlegar stefnur til að efla opinbera stjórnarhætti, bregðast af skilvirkni við hinum ýmsu efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu áskorunum og standa við skuldbindingar stjórnvalda gagnvart borgurinum.

*Þessi þýðing var unnin af forsætisráðuneytinu í upplýsingaskyni og OECD getur ekki ábyrgst nákvæmni hennar. Einu opinberu útgáfur skjalsins eru á ensku og frönsku og þær má nálgast á vef OECD: <https://legalinstruments.oecd.org>*

[www.oecd.org/gov/ethics](http://www.oecd.org/gov/ethics)

[govintegrity@oecd.org](mailto:govintegrity@oecd.org)

 [#OECDintegrity](https://twitter.com/OECDintegrity)

